

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2019, föstudaginn 15. mars kl. 12:33, var haldinn aukafundur í umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur og var það 17. fundur ráðsins. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð, Kerhólum. Viðstödd voru: Líf Magneudóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf, Rannveig Ernudóttir, Björn Gíslason, Vigdís Hauksdóttir, Marta Guðjónsdóttir og fulltrúi atvinnulífsins Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Rósa Magnúsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari er Örn Sigurðsson

Þetta gerðist:

Mál heilbrigðisnefndar:

1. **Grunnskólar Reykjavíkur,**
Rakaskemmdir í húsnæði grunnskóla
Reykjavíkur og aðkoma
heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að
úttektum á skólahúsnæði.

Mál nr. US190092

Rakaskemmdir í húsnæði grunnskóla Reykjavíkur og aðkoma heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að úttektum á skólahúsnæði.

Helgi Guðjónsson og Berglind Ósk Þ. Þórólfsdóttir heilbrigðisfulltrúar, Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri og Agnar Guðlaugsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúi Vinstri grænna, Líf Magneudóttir, fulltrúar Samfylkingar, Kristín Soffía Jónsdóttir og Sabine Leskopf, fulltrúi Pírata, Rannveig Ernudóttir, og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Ólafur Jónsson, leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar, Pírata og Samtaka atvinnulífsins í umhverfis- og heilbrigðisráði þakka fyrir kynningu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á eftirliti með skólahúsnæði er varðar hollustuhætti þ.á m. raka og leka. Heilbrigðiseftirlitið gerir kröfur um úrbætur þar sem þess er þörf og fylgir leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og samræmdum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar þegar kemur að eftirliti skólahúsnæðis. Það er mikilvægt að skólahúsnæði uppfylli ítrustu kröfur sem heilnæmt umhverfi og er Heilbrigðiseftirlitinu falið að yfirfara sína verkferla og leggja til úrbætur á verkferlum varðandi skoðun og upplýsingaflæði til að tryggja að Heilbrigðiseftirlitið sé sannarlega upplýst um mögulega galla á húsnæðinu. Vert er benda á að tveimur milljörðum er varið í viðhald fasteigna leik- og grunnskóla á hverju ári og hefur þessi upphæð rúmlega þrefaldast á seinustu sex árum. Varðandi mál Fossvogsskóla er óskað eftir því að samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlitið sem snúa að heilnæmi húsnæðisins og notkun á meðan viðgerðir fara fram.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Björn Gíslason og fulltrúi Miðflokksins Vigdís Hauksdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Það eru grafalvarleg tíðindi sem hafa borist í gegnum fréttir af heilsuspillandi rakaskemmdum í húsnæði sem heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Það vekur einnig óhug að slíkum tilfellum hefur fjölgað nokkuð að undanfögnu – rétt eins og einhvers konar myglufaraldur sé í uppsiglingu á þeim stöðum sem mygla ætti einna síst að fá að grassera. Enda er um að ræða a.m.k. fjóra grunnskóla, sem vitað er um og þrjár til fjórar frístundamiðstöðvar. Því má segja að þetta ástand snerti á annað þúsund börn, fjölskyldur þeirra og alls þess starfsfólks sem vinnur á þessum starfsstöðvum. Langvarandi fjársveltí meirihlutans í Reykjavík hvað snýr að viðhaldi á húseignum borgarinnar er nú að birtast í þeirri myrku mynd sem nú

blasir við. Þetta ástand er afleiðing af uppsöfnuðum viðhaldsskortri og rangri forgangsröðun í stjórn borgarinnar. Ljóst er að endurskoða þarf alla verklagsþætti og verkferla er varða úttektir á skólahúsnæði og setja fram raunhæfa áætlun um endurbætur og viðhald. Ljóst er að fara þarf í allsherjarúttekt á skólahúsnæði í borginni í ljósi þeirra tilvika sem komin eru upp. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa nú þegar lagt fram tillögu þess efnis í borgarráði.

2. **Fyrirspurnir frá fulltrúum
Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins,**
Vegna rakaskemmda í skólum
Reykjavíkur

Mál nr. US190095

Hvaða húsnæði sem heyrir undir skóla- og frístundasvið hefur verið skoðað með tilliti til rakaskemmda og myglu? a. Hversu oft er farið á ári í reglubundið eftirlit af heilbrigðiseftirlitinu? b. Hvað er nákvæmlega tekið út, þ.e. er t.d. skoðað hvort mygla sé í húsnæðinu? c. Hver eru viðbrögðin og eftirfylgni við athugasemdum og tillögum til úrbóta?

Hefur Heilbrigðiseftirlitinu verið gert viðvart um hvort börn eða starfsmenn hafi borið heilsutjón vegna rakaskemmda og myglu? a. Ef svo er hvenær bárust þær athugasemdir og hver voru viðbrögðin við þeim? b. Hefur starfsmönnum einhverra starfstöðva SFS verið gert að gangast undir heilsufarsskoðun vegna myglu? c. Er haldin skráning yfir börn eða starfsfólk sem hefur veikst?

Hafa ábendingar borist heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur varðandi stafsstaði SFS um rakaskemmdir og myglu? a. Ef svo er hvenær og hvar, þ.e. í hvaða húsnæði?

Nú liggur fyrir að búið er að loka hluta Breiðholtsskóla; hafa einhverjir nemendur eða starfsmenn orðið fyrir heilsutjóni þar vegna ástandsins?

Hvenær var skóla- og frístundasvið upplýst um ástandið í Breiðholtsskóla? a. Er búið að yfirfara þann hluta húsnæðis Breiðholtsskóla sem enn er kennt í og er búið að ganga úr skugga um að þar fyrirfinnist ekki mygla? b. Hafa komið einhverjar ábendingar frá foreldrum og/eða starfsmönnum um grun um raka- og myglusvepp í Breiðholtsskóla? c. Hafa þessir aðilar tilkynnt um óeðlileg veikindi?

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14.05

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Rannveig Ernudóttir
Marta Guðjónsdóttir
Ólafur Jónsson

Sabine Leskopf
Björn Gíslason
Vigdís Hauksdóttir